

<b>Fundarboðandi:</b>	Sigurborg Daðadóttir	<b>Fundarstaður:</b>	Matvælastofnun, Austurvegi 64, Selfossi
<b>Fundarstjóri:</b>	Sigurborg Daðadóttir	<b>Dagsetning:</b>	3. september 2019
<b>Fundarritari:</b>	Sigurjón Njarðarson	<b>Fundartími:</b>	13:00 – 15:00
<b>Þátttakendur:</b>	Sigurborg Daðadóttir (Yfirdýralæknir, formaður Fagráðs), Ólafur R. Dýrmundsson (f.h. Dýraverndunarsambands Íslands og Sigurjón Njarðarson (Starfsmaður Fagráðs um velferð dýra). Katrín Andrésdóttir (f.h. Dýralæknafélags Íslands), Erna Bjarnadóttir (f.h. Bændasamtaka Íslands), Henry Alexander Henrysson (f.h. Siðfræðistofnunar HÍ) og Sigríður Björnsdóttir (sérfræðimat á dýratilraunum f.h. MAST) sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.		

## Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna.
3. Viðbrögð við tilmælum Fagráðs um velferð dýra – Erindi frá Umhverfisstofnun.
4. Áskorun til Fagráðs um velferð dýra – Erindi Jarðarvina
5. Dauðagildir sem sauðfé getur lent í í mjóum vegræsum. – Erindi frá meðlimi Fagráðs.
6. Lausagönga sauðfjár meðfram vegum landsins.- Erindi frá meðlimi Fagráðs.
7. Önnur mál.

## Umræða

### 1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykkis/synjunar

Fundargerð hafði verið samþykkt fyrir fundinn og birt á heimasíðu Matvælastofnunar.

### 2. Umsagnir um umsóknir til dýratilrauna

- a) *Evolution of cognition: a study of sympatric morphs of Arctic charr (Salvelinus alpinus):* Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.
- b) *Merkingar á laxaseiðum og fullvöxnum laxi með útvarpsmerkjum:* Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina. Fagráð óskar þó eftir því að Matvælastofnun kanni nánar alvarleika tilraunarinnar, með tilliti inngríps í velferð dýranna og geri viðeigandi kröfur til rannsakenda til samræmis við þær niðurstöður.
- c) *Merkingar á laxaseiðum í Vesturdalsá í Vopnafirði:* Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina.
- d) *Stöðlan á notkun Xylitols til að greina þekjubrest í lungum eftir lungnaskaða:* Fagráð um velferð dýra veitir samhljóða jákvæða umsögn um tilraunina. Í umsókn kemur fram að alvarleiki tilraunar með tilliti til inngríps í velferð dýranna sé metin lítil. Fagráð metur tilraunina miðlungs alvarlega og beinir því til Matvælastofnunar að kröfur til rannsakenda séu í samræmi við mat Fagráðs.
- e) *Framleiðsla á polyclonal mótefni í kviðarholsvökva í músum:* Að beiðni umsækjenda er umfjöllun Fagráðs um velferð dýra frestað til næsta fundar Fagráðs.

### 3. Viðbrögð við tilmælum Fagráðs um velferð dýra – Erindi frá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun sendi Fagráði um velferð dýra erindi dags. 8. júlí 2019. Í erindinu er vísað til bókunar Fagráðs sem gerð var á fundi þess þann 5. mars 2019.

Í bókun Fagráðs ítrekaði Fagráð nauðsyn þess að gerðar verði rannsóknir á þroska og afdrifum kálfa með tilliti til þess hvort þeir fylgja móður að vetri eða eru móðurlausir s.s. vegna þess að hún er felld á veiðitímabili. Slíkar rannsóknir eru forsendur þess að hægt sé að meta með vísindalegum aðferðum hver áhrif veiða eru á afdrif kálfa. Fagráð leggur áherslu á að rannsóknirnar nái yfir meiri hluta búsvæða hreindýra (veiðisvæða) og taki einnig til nokkurra ára svo draga megi ályktanir með viðurkenndum tölfræðilegum aðferðum.

Í erindi Umhverfisstofnunar kom fram að stofnunin teldi rétt að að Fagråd um velferð dýra útlistaði ítarlega hvað eigi að rannsaka, t.d. hvort leita ætti af hræjum eða hvort talningar nægðu. Að teknu tilliti til erindis Umhverfisstofnunar og þeirra óska sem þar beint er til Fagráðs um velferð dýra bókaði Fagråd eftirfarandi:

Fagråd um velferð dýra lýsir áhyggjum af velferð ungra hreinkálfa við núverandi fyrirkomulag hreindýraveiða. Fagråd óskar eftir því að Matvælastofnun beini því til umhverfisráðuneytisins, að kým verði ekki skotnar frá kálfum yngri en þriggja mánaða nema sýnt verði fram á að veiðarnar hafi ekki alvarleg áhrif á velferð kálfanna.

#### **4. Áskorun til Fagráðs um velferð dýra – Erindi Jarðarvina**

Meðlimir Fagráðs höfðu kynnt sér erindi Jarðarvina, sem snéri að aðkomu ráðsins að málefnum er varðaði afkomu hreinkálfa hveira mæður hafa verið veiddar. Erindið var hluti efnislegrar umfjöllunar í dagskrárlíð 3.

#### **5. Dauðagildir sem sauðfé getur lent í í mjóum vegræsum. – Erindi frá meðlimi Fagráðs.**

Fulltrúi Dýraverndunarsambands Íslands kynnti erindið. Tilfni þess var tilvik sem kom upp sumarið 2019, þar sem nokkrar dauðar kindur höfðu fundist í vegræsi undir vegi um Hólasand í Þingeyjasveit.

Fagråd um velferð dýra beinir því til Matvælastofnunar að beina því til Vegagerðarinnar að tekið verði mið af dýravelferð við hönnun og byggingu vegamannvirkja.

#### **6. Lausagönga sauðfjár meðfram vegum landsins.- Erindi frá meðlimi Fagráðs.**

Fulltrúi Dýralæknafélags Íslands kynnti erindið. Tilfni þess er tíðni dauða sauðfjár vegna ákeyrslu á vegum landsins. Samkvæmt gögnum Lögreglunar á Suðurlandi hafa 811 kindur drepist í umdæmi hennar vegna ákeyrslna á árunum 2014-2018. Fulltrúi Dýraverndarsambands Íslands óskaði eftir að fjallað yrði um ákeyrslur á bæði búfé og hreindýr á vegum landsins frá sjónarhóli dýravelferðar.

Ekki gafst tími til að klára umræður og er afgreiðslu þessa erindis frestað til næsta fundar Fagráðs um velferð dýra.

#### **7. Önnur mál.**

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:00. Næsti fundur er áætlaður miðvikudaginn 25. september 2019.